

7. gr.

Forðagæslumenn skulu í hvers árs fardögum senda sýslumanni aðalskýrslu **105**
um það fardagaár, sem þá er á enda, samkvæmt forðagæslubók hreppsins. **31. ágúst**

8. gr.

Á næstu vorhreppskilum eða öðrum almennum sveitafundi, skal forðagæslumaður lesa upp úr forðagæslubók hreppsins alt, er í hana hefir verið ritað frá síðustu hausthreppskilum. Skal hann hafa jafnan í hana ritað allar skýrslur um skoðunargerðir sínar á fardagaárinu.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóv. 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 31. ágúst 1915.

Einar Arnórsson,

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

106

31. ágúst

fyrir forðagæslumenn Kjósarsýslu.

1. gr.

Forðagæslumaður hver skal vandlega kynna sjer lög nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæslu, og hegða sjer eftir þeim og reglugjörð þessari.

2. gr.

Eftirlitsferðir samkvæmt 3. gr. nefndra laga skal forðagæslumaður fara um gæslusvæði sitt á tímabilinu frá októberbyrjun til 10. desember, hið fyrra, og milli 1. mars og 10. apríl, hið síðara. Að vorinu skal hann eftir bestu föngum afla sjer upplýsinga um skepnuhöld og fyrningar hjá gæslusvæðisbúum.

3. gr.

106
31. ágúst Sje fóður í forðabúri eða á annan hátt til trygt á gæslusvæðinu eða sjerstaklega fyrir það, hefir forðagæslumaður þess svæðis umsjón með því. Haf hreppsnefnd trygt sveitinni fóðurbirgðir utanhrepps, hefir forðugæslumaður hreppsins einnig umsjón með þeim, eða þar sem fleiri eru en einn, sá þeirra sem hreppsnefnd ákveður.

4. gr.

Bókfærslu þá og skýrslugjörð, er lögin gera ráð fyrir (5.—6. gr.), skal forðagæslumaður annast með nákvæmni samkvæmt þar til gefnu skýrsluformi, og gæta þess að gjörðabókin eigi verði fyrir skemdum í vörslum hans. Þar sem forðagæslumenn eru fleiri en einn í sveit, ákveður hreppsnefnd hver þeirra geyma skuli gjörðabókina, og sjer hann um inurritun skýrslanna.

5. gr.

Á gæsluferðum sínum skal forðagæslumaður aðstoða menn í fóðurásetning og leiðbeina í hirðing búpenings; einnig skal hver forðagæslumaður jafnan brýna vandlega fyrir búpeningseigendum, hvað við liggur ef fjenaður verður magur eða fellur fyrir vanrækslu þess, er hefir hönd yfir honum.

6. gr.

Brot á skyldum forðagæslumanns samkvæmt reglugjörð þessari varða sektum frá 5—50 kr., er renna í sveitarsjóð. Mál, sem rísa útaf brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið með sem almenn lögglumál.

Reglugjörð þessi er hjer með sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóv. 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 31. ágúst 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.